

Endurgreiðsla læknis- og sjúkrakostnaður samningsbundna leikmanna hjá ÍBV

Almennt:

- Meginreglan gagnvart samningsbundnum leikmönnum meistaraflokks er sú að ÍBV greiðir 60% af kostnaði af slysum, lækniskostnaði og sjúkraþjálfun, sem rekja má til íþróttaiðkunar hjá félaginu – en ÍSÍ greiðir 40%.
- Ofangreind 60/40 regla gildir um flesta kostnaðarliði sem tengjast meiðslum/slysum á æfingum eða við keppni hjá ÍBV. Þar undir fellur viðtal við lækni, myndataka, segulómun, aðgerð, koma og endurkoma á slysadeild og sjúkraþjálfun.
- ÍSÍ tekur ekki þátt í kostnaði vegna kaupa á lyfjum eða stoðtækjum, tannviðgerðum, kostnaði við sjúkrabíl eða flugfargjald í tengslum við lækniþjónustu; ÍBV endurgreiðir þann kostnað að fullu.
- ÍSÍ tekur ekki þátt í kostnaði þjónustu sem ekki er niðurgreidd af Sjúkratryggingum Íslands.
- Fari lækniskostnaður yfir ákveðin mörk (31.100 á árinu 2013), á einu almannaksári skal sækja um afsláttarkort til Sjúkratrygginga Íslands. Reikna má með að viðmiðunarmörkin breytist um áramót og má þá finna upplýsingar þar um á heimasíðu Sjúkratrygginga.

Samráð við félagið:

- Mikilvægt að leikmenn ráðfæri sig eða upplýsi þjálfara og/eða formann deildar áður en menn nýta sér þjónustu sjúkraþjálfara á stofu, eða aðra sérfræðiþjónustu, þannig að við höfum góða yfirsýn yfir þessi mál.
- Einnig er mikilvægt að leikmenn tali við formenn deilda áður en stoðtæki s.s. spelkur eru keyptar. ÍBV endurgreiðir slíkt 100% og er því formlegur eigandi stoðtækjanna. Leikmenn í samráði við formenn meta hvað verður um stoðtækið að notkun lokinni; ef það er heillegt og ekki fyrirsjáanlegt að leikmaður hafi not fyrir það, mun félagið taka það til geymslu.

Fyrirkomulag endurgreiðslna:

- Leikmenn greiða sjálfir reikninga vegna lækniþjónustu, sjúkraþjálfunar, stoðtækja og annars sem um ræðir, en fá svo endurgreitt frá félaginu og ÍSÍ.
- Leikmenn verða að halda vel utan um öll frumrit reikninga og koma þeim á skrifstofu félagsins. Starfsfólk fer yfir reikningana og greiðir innan 20 daga þau 60% sem félagið ber að lágmarki ábyrgð á.
- Leikmenn fá beiðni frá lækni vegna sjúkraþjálfunar, yfirleitt er um heimilislækni að ræða. Þessi beiðni þarf að fylgja með gögnunum okkar þar sem hún þarf svo að fylgja með gögnunum þegar við sendum þau til ÍSÍ.
- Leikmaður fær aðstoð hjá starfsfólki ÍBV við að fylla út umsókn um endurgreiðslu vegna 40% kostnaðar til ÍSÍ.
- Þegar leikmenn fá endurgreitt frá ÍSÍ þurfa þeir að koma upplýsingum til Sigfúsar um að endurgreiðslan hafi átt sér stað og hve há upphæðin er. Afgreiðsla umsókna getur tekið frá mjög skömmum tíma upp í lengri tíma þegar hvað mest er að gerast.
- Ef greiðsla frá ÍSÍ er innan við 40% af þeim reikningum sem sendir eru inn fer fram lokauppgjör af hálfu ÍBV þar sem félagið gerir upp það sem upp á vantar.

Ýmsar upplýsingar á vefnum:

ÍSÍ – slysatryggingasjóðurinn: <http://isi.is/ithrottaslysasjodur/>

Sjúkratryggingar Íslands – um afsláttarkort:

<http://www.sjukra.is/heilbrigdisthjonusta/laeknisthjonusta/afslattarkort/>